



Hvernig getur þitt fyrirtæki tekið samfélagsábyrgð og á eftir viðskiptin um leið?

Hver er ímynd þíns fyrirtækis og hversu miklu máli skiptir hún?

Hvert telur þú vera samspil starfsánægju og ímyndar fyrirtækis?

Fyrirtækjaráðgjöf

Samfélagsábyrgð fyrirtækja

Samfélagsábyrgð fyrirtækja felst í því að fyrirtæki markar sér stefnu þar sem viðskiptahættir þess tekur tillit til félagslegra, umhverfislegra og siðferðislegra þátta samfélagsins.

Við teljum að það sé fyrirtæki í hag en ekki óhag að fylgja slíkri stefnu. Til lengri tíma litið felist aukinn hagnaður í því að setja sér skýr samfélagsleg markmið og fylgja þeim eftir. Fyrirtæki sem kys að sniðganga samfélagslega ábyrgð tekur áhættu.

Áhætta og afleiðingar

Áhættuþættir

Afleiðingar

Orðspor og ímynd fyrirtækis:

- Ósiðferðislegar söluaðferðir og/eða auglýsingaherferðir
- Ófullnægjandi starfsmannastefna t.d. hvað varðar jafnrétti og fjölbreytni
- Óásættanlegt starfsumhverfi
- Fyrirtæki upplýsir ekki hagaðila um að starfsemi þess taki mið af samfélagslegri ábyrgð
- Lækkandi virði hlutabréfa
- Neikvæð áhrif á ímynd og fjármögnun fyrirtækis
- Minni söluhagnaður
- Tekst ekki að laða að eða halda í góða viðskiptavinum og starfsfólki

Efnahagsleg skilvirkni:

- Hönnun vara þar sem ekki er tekið tillit til umhverfisþátta
- Fjárfestingar sem taka ekki tillit til væntinga um að draga úr mengun og losun úrgangs
- Mikill tilkostnaður við að breyta hönnun vara
- Mikill tilkostnaður við að fjárfesta í og innleiða nýja tækni
- Skortur á efnahagslegri skilvirkni á umhverfislegum forsendum

Lagaumhverfi:

- Sífelld fleiri og hertari kröfur er varða mengun og losun úrgangs
- Aukin krafa um mat á félagslegum og umhverfislegum áhrifum viðskipta
- Viðurlög og sektir við brotum á lögum og reglum
- Skaðabætur

Velferð starfsmanna:

- Óánægð starfsfólk
- Ófullnægjandi stefna í öryggis- og heilsumálum
- Framleiðni dregst saman
- Lögsóknir
- Skaðabætur

Okkar reynsla

PricewaterhouseCoopers

PwC telur samfélagsábyrgð fyrirtækja ómissandi hluta góðra stjórnarháttá og leggur áherslu á jákvæð langtímaáhrif hennar á starfsemi þeirra.

Lykilatriði samfélagsábyrgðar fyrirtækja

- Félagsleg ábyrgð:

Fyrirtæki sem tekur félagslega og umhverfislega ábyrgð og axlar samfélagslegar skyldur mun efla ímynd sína og orðspor, starfsánægju starfsfólks og laða að fjárfesta. Heilindi auglýsinga skiptir einnig miklu, annars er hætta á aukinni kaldhæðni almennings í garð fyrirtækisins, sem skaðar viðskiptin.

- Starfsmannastefna:

Fyrirtæki þarf að setja sér heilsu- og öryggisreglur og tryggja heilsu og öryggi starfsfólks undir öllum kringumstæðum. Mikilvægt er að starfsfólk sé ánægt á vinnustaðnum svo fyrirtæki haldi starfsfólki sem býr yfir þekkingu og reynslu og framleiðslugeta haldist í hámarki.

- Viðskiptasiðferði:

Með því að láta langtímamarkmið vega þyngra en skammtímamarkmið er hægt að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Sem dæmi má nefna að fyrirtæki sem stundar kaup og sölu ætti að forðast að eiga viðskipti við aðila sem framleiðir vörur sínar undir annarlegum kringumstæðum þótt það sé besta verðið þá stundina. Í slíkum viðskiptum felst hætta á að skaða ímynd fyrirtækisins og möguleg framtíðarviðskipti og auka óánægju starfsfólks. Einnig er mjög mikilvægt að ekki tíðkist ósæmilegar greiðslur innan eða utan fyrirtækisins, sem og óviðeigandi pólitískar tengingar.

- Hegðunarreglur:

Mikilvægt er að fyrirtæki setji sér hegðunarreglur sem taka mið af samfélagsábyrgð. Stjórnendur ættu að fylgjast náið með því hvort slíkum reglum sé framfylgt og koma þannig í veg fyrir að brotið sé á þeim á einhvern hátt. Slík eftirfylgni tengist beint árangursríkri áhættustjórnun.

PwC hefur langa reynslu að baki við að veita fyrirtækjum ráðgjöf við að innleiða góða stjórnarhætti. Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja er mikilvægur þáttur þessarar ráðgjafar þar sem höfuðáherslan er lögð á langtímamarkmið, sjálfbærni fyrirtækja og þess umhverfis sem það starfar í.

Tengiliðir

Halldór Þorkelsson

Sviðsstjóri Fyrirtækjaráðgjafar
+ 354 550 5229

halldor.thorkelsson@is.pwc.com

Ragnar Þ. Jónasson

Ráðgjafi / lögfræðingur
+ 354 550 5360

ragnar.jonasson@is.pwc.com

Þessi kynning felur ekki í sér ráðgjöf af neinu tagi. Ekki ætti að aðhafast samkvæmt þessu kynningarriti án þess að fá sérfræðilega ráðgjöf. PricewaterhouseCoopers hf., PricewaterhouseCoopers LLP, hluthafar, starfsmenn og umboðsaðilar bera ekki ábyrgð á upplýsingum sem gefnar eru í þessu riti eða aðgerða sem framkvæmdar eru af hálfu annarra aðila á grundvelli þessara upplýsinga.

© 2006 PricewaterhouseCoopers hf. Allur réttur áskilinn. „PricewaterhouseCoopers“ vísar til PricewaterhouseCoopers hf. á Íslandi, nema ráða megi af samhengi eða beinum tilvísunum að vísað sé í önnur fyrirtæki í samstæðu PricewaterhouseCoopers International Limited sem öll eru lagalega sjálfstæðar einingar.